

Niðurstaða mats á innra mati í leikskólanum Núpi

Byggir á sjálfsmati leikskólans auk viðtals við leikskólastjórnendur í febrúar 2021.

Metið af Guðnýju Önnu Þóreyjardóttur og Vigdísi Guðmundsdóttur

Matsteymi um ytra mat á gæðum leikskólastarfs í Kópavogi hóf úttekt á gæðum innra mats í leikskólum sveitarfélagsins haustið 2020. Við matið eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig var nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Þrjú viðmið um innra mat eru metin að þessu sinni en þau eru:

Skipulag og viðfangsefni

Gagnaöflun og vinnubrögð

Opinber birting og umbætur

Niðurstaða leikskólans í hverri vísbendingu um gæðastarf er táknaður með ofangreindum litum. Til viðmiðunar eru sett meðaltöl leikskóla í Kópavogi. Aftast eru stuttar ábendingar frá matsaðilum til hvers og eins leikskóla, bæði um það sem vel er gert sem og tækifæri til umbóta.

Mat þetta er sett fram í þeim tilgangi að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfinu. Niðurstöðurnar eru leiðbeinandi og þarf ávallt að skoða þær í samhengi við sérstöðu viðkomandi leikskóla og ekki sem algildan mælikvarða á gott verklag.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](#)

A. Skipulag og viðfangsefni innra mats í leikskólanum

	Núpur	Kópavogur
Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt.		
Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.		
Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir.		
Mat á starfsháttum fer fram reglulega.		
Mat og ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi.		
Í skólanámskrá er fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin.		
Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.		
Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra mati.		
Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.		
Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.		

B. Gagnaöflun og vinnubrögð

	Núpur	Kópavogur
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun.		
Gætt er að því að innra matið byggi á margvíslegum gögnum.		
Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu.		
Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá.		
Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati (s.s. kannanir og skimanir) eru þær nýttar í innra matið.		
Starfsfólk leikskólans tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati.		
Foreldrar taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs.		
Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum.		
Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra).		
Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila (starfsfólks, foreldra og barna eftir því sem við á) um þróun og umbætur.		

C. Opinber birting og umbætur

	Núpur	Kópavogur
Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.		
Í greinargerð um innra mat koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður.		
Í greinargerð um innra mat er greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.		
Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.		
Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti.		
Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.		
Áætlanir um umbætur eru bornar undir foreldraráð og leikskóladeild		
Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.		
Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.		

D. Ábendingar matsaðila

- Öflugt skipulag er í kringum innra mat, rafrænar kannanir sendar reglulega yfir árið til starfsmanna og foreldra. Niðurstöður nýttar til umbóta.
- Mat á starfsháttum er fjölbreytt og reglulegt. Virkt samtal er um starfshætti og daglegt starf skólans í hópi starfsfólks.
- Umfjöllun um markmið til að meta innra starf mættu vera sýnilegri, skýrari tenging milli markmiða leikskólans og hvernig þau eru metin.
- Gott væri að hafa viðmið um árangur, ramma og tímamörk sýnileg.
- Umbótaáætlun þarf að vera markvissari og byggð á samantekt á helstu niðurstöðum úr mati, greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Óformlegt verklag er til staðar í kringum niðurstöður innra mats þar sem starfsfólk og foreldrar koma að.
- Auka þarf aðkomu starfsfólks og foreldra að áherslum og forgangsröðun í innra mati, skoða þarf sérstaklega þá hópa starfsfólks sem lítið hafa komið að mati sem og barna þar sem við á.
- Mat elstu barna er til staðar, vinna þarf að útfærslu að mati með öðrum árgöngum.
- Stofna þarf matsteymi leikskólans.
- Í starfsáætlun mætti vera nánari lýsing á því sem meta á næsta starfsár.
- Gott upplýsingaflæði til hagsmunaaðila um umbætur er til staðar, niðurstöður mats og hvað betur megi fara.